



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 100 ára afmæli
Sjöunda dags aðventista á Íslandi,
28. febrúar 1998**

Við þökkum innilega fyrir góða samverustund, bæði í kirkjunni og hér. Sérstaklega viljum við þakka góð orð og blessun í okkar garð, sérstaklega Guðrúnar Katrínar, við hátíðarstundina í kirkjunni áðan.

Það er okkur mikil ánægja að taka þátt í þessu merka afmæli með ykkur og votta ykkur á þann hátt virðingu okkar og þakkir þjóðarinnar fyrir þann merka þátt sem aðventistar hafa átt í trúarlífi Íslendinga.

Í dagskránni sem birti messugjörðina í dag er haft orð á því að söfnuðurinn sé ekki stór á mælikvarða annarra. Þó er það þannig þegar ég lít yfir hlut ykkar í þjóðlífinu þá er hann umfangsmikill og merkur; ekki aðeins á sviði uppeldis heldur líka fordæmið sem þið hafið sýnt með framgöngu ykkar og trúarlífi. Eitt af einkennum okkar ágæta íslenska samfélags er að smæðin auðveldar okkur að taka eftir hvert öðru, sjá hvað verið er að gera í okkar nágrenni og umhverfi.

Starf aðventista hér á höfuðborgarsvæðinu og víða um land hefur haft merk áhrif á samfélagið. Biskupinn í Skálholti lýsti því vel að fordæmið í æsku hans á Selfossi hafði fylgt honum alla leiðina til biskupssetursins í Skálholti. Eins er með Íslendinga, þjóðina alla, að fordæmi aðventista í eina öld hefur verið okkur dýrmæt.

Við ætlum eins og þið vitið að fagna á Þingvöllum, eftir tvö ár, þúsund ára kristni í landinu. Það verður mikil hátíð; ekki aðeins hátíð íslensku þjóðkirkjunnar heldur allrar kristni í landinu, allra söfnuða sem hér starfa. Ég vona að þið munið eiga góða hlutdeild í þeirri hátíð og aðdraganda hennar, miklum atburði í okkar sögu.

Árið 1874 komu Íslendingar saman á Þingvöllum til þess að fagna stjórnarskrá og minnst þess að 1000 ár voru frá því að byggð hófst í landinu. Árið 1930 kom þjóðin aftur saman á Þingvöllum til að minnst þess að 1000 ár voru þá frá stofnun löggjafarþings í landinu; Alþingi hefur síðan mótað lýðræðislegt samfélag á Íslandi. Nú eftir tvö ár munum við fullkomna þessa þrenningu með því að minnst 1000 ára kristni í landinu. Þá munum við fagna þeim fjölbreytileika sem íslensk kristni hefur búið við, bæði kirkja landsins og þeir söfnuðir sem hér hafa starfað og sýnt fórnfýsi í langan tíma.

Mig langar að lokum að varpa nokkrum orðum á ágæta erlenda fulltrúa ykkar sem ávörpuðu okkur í kirkjunni í dag:

Before we leave we want to thank you very much for the service today, your contribution to making the celebration so splendid for the congregation in Iceland. I also want to tell you that over these hundred years the congregation has played a very important part in the Icelandic society. As I said in my Icelandic remarks: in a small society like the one we have here in Iceland, the impact that this congregation can have, not just on society as a whole but also on every individual, is much stronger than in larger societies.

Therefore the example, the impact and inspiration that the congregation that you have honoured with your remarks here today and in your speech has made an important contribution to creating the Christian community in Iceland. For that we want to thank you and also the congregation at large in other parts of the world. I ask you to bring thanks and greetings from the people of Iceland to the leaders of your church in the world.

Við vonum að starf ykkar muni blómgastr og blessast um ókomna framtíð. Ég vona að við getum öll átt hátíðlegar stundir í tilefni afmælisins sem ég nefndi áðan, öll saman á Þingvöllum, til að fagna, ekki aðeins þeim áfanga, heldur líka til að fagna þeim gjöfum sem okkur hafa verið gefnar, fagna því trúarsamfélagi sem við höfum átt í landinu saman.

Við biðjum ykkur að lokum blessunar, þökkum ykkur fyrir þessa samverustund hér í dag, góð orð í okkar garð og sérstaklega til Guðrúnar Katrínar. Við vitum að mörg ykkar hafa beðið fyrir henni á undanförunum mánuðum og við metum mikils þann styrk, hlýhug og samkennd sem við höfum fundið frá ykkur öllum á þeim erfiðu tímum sem við höfum gengið í gegnum.

Svo þökkum við ykkur kærlega fyrir að hafa boðið okkur að vera með ykkur hér í dag og vonum að þið haldið áfram að njóta þessara frábæru veitinga. Við óskum ykkur alls hins besta í framtíðinni og þökkum ykkur kærlega fyrir.